

## Reglur og gjaldskrá fyrir Skólasel og Frístund Flúðaskóla

Tíminn frá því að skóla lýkur og til kl. 16:00, mánudag til fimmtudaga skiptist í Skólasel og Frístund. Á mánudögum hefst Frístund strax að loknum skóla kl. 13:30, þriðjudaga og miðvikudaga er Skólasel frá kl. 13:50 - 15:00 og fimmtudaga frá kl. 13:30 – 15:00. Milli kl. 15:00 og 16:00 þriðjudaga til fimmtudaga er Frístund. Gert er ráð fyrir því að allir nemendur á yngsta stigi séu í Skólaseli en skrá þarf sérstaklega í Frístund.

### 1. gr.

Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Frístundar þurfa að sækja um fyrir barn/börn sín hjá ritara skólans. Frístund er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Flúðaskóla. Hægt er að skrá barn í 1- 4 daga í Frístund á viku.

### 2. gr.

Ef barn ætlar að hætta í Frístund skal berast tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/forráðamanni til ritara skólans. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar.

### 3. gr.

Í Skólaseli og Frístund gilda skólareglur Flúðaskóla. Vinnudagar í Skólaseli/Frístund eru þeir sömu og nemendadagar í Flúðaskóla. Opnunartími er frá því skóla lýkur, frá mánudegi til fimmtudags, til kl. 16:00.

Eftir skólasetningu og á foreldraviðtalsdögum er boðið upp á Frístund sem þarf að skrá sérstaklega í, upplýsingar um það berast frá skóla fyrir þá daga.

### 4. gr.

Gjald er einungis tekið fyrir vistun í Frístund og er það bundið vísitölu neysluverðs miðað við 1. desember ár hvert og uppfæriskl. 1. janúar ár hvert. Gjaldskrá má finna á heimasíðu Flúðaskóla. Hrunamannahreppur sendir greiðsluseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

### 5. gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll séu að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra.

Tilkynna þarf forföll til ritara skólans. Sími hjá ritara er 480-6610 og í Skólaseli/Frístund 480-6007.

### 5. gr.

Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö eða fleiri börn í Frístund er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barn og hvert barn þar á eftir.